

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/65/EB frá 19. júlí 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/647/EB frá 22. september 2006 um verkun sólvarnarvara og fullyrðingar þar að lútandi ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/1/EB frá 29. janúar 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. viðauka við hana að tækniframförum ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XVI. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE):
 - „– **32006 L 0065**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/65/EB frá 19. júlí 2006 (Stjtið. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 11),
 - **32007 L 0001**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/1/EB frá 29. janúar 2007 (Stjtið. ESB L 25, 1.2.2007, bls. 9).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 14. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/406/EB):
 - „15. **32006 H 0647**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/647/EB frá 22. september 2006 um verkun sólvarnarvara og fullyrðingar þar að lútandi (Stjtið. ESB L 265, 26.9.2006, bls. 39).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 30, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 265, 26.9.2006, bls. 39.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 25, 1.2.2007, bls. 9.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/65/EB og 2007/1/EB og tilmæla 2006/647/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.